

Nd.

246. Nefndarálit

[137. mál]

um frv. til laga um verðjöfnunargjald af raforku.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Við í minni hluta iðnaðarnefndar neðri deildar leggjum til að frumvarp til laga um verðjöfnunargjald af raforku á þskj. 171 verði samþykkt. Einn þeirra, sem minni hlutann skipa, Árni Gunnarsson, hefur þó fyrirvara um stuðning sinn, svo sem fram kemur í sérstakri bókun hans er þessu nefndaráliti fylgir.

Við teljum með öllu óviðunandi, að rafmagn til sömu nota skuli selt á svo mismunandi verði sem tíðkast hefur. Dæmi um þennan mikla mismun eftir byggðarlögum eru birt í fylgiskjali með frumvarpinu og sýna þau að orkuverðið er í ýmsum tilvikum helmingi hærra á einum stað en öðrum. Verði frumvarp það, sem hér um ræðir, um hækkun verðjöfnunargjalds úr 13% í 19% ekki samþykkt, þá er hætt við að þessi mikli mismunur fari enn vaxandi.

Við teljum álagningu verðjöfnunargjaldsins í prósentuformi vera galla á frumvarpinu og hefðum frekar kosið að gjaldið væri innheimt sem föst krónutala, annaðhvort sú sama um allt land, eða t. d. þannig, að þeir, sem hæst rafmagnsverð greiða nú fyrir almenna notkun, væru undanþegnir gjaldinu að einhverju eða öllu leyti. Við flytjum þó ekki breytingartillögu í þessa átt af ástæðum, sem gerð mun grein fyrir í umræðum.

Við fögnum þeirri stefnuyfirlýsingu iðnaðarráðherra, sem fram kom við 1. umræðu um þetta frumvarp, að a. m. k. 600 millj. króna framlagi ríkisins verði á lánsfjáráætlun 1979 varið til að greiða úr fjárhagsvanda Rafmagnsveitna ríkisins, og væntum þess, að sú stefnumörkun nái fram að ganga.

Í álitsgerð Kristjáns Jónssonar rafmagnsveitustjóra, sem send hefur verið öllum alþingismönnum, segir m. a.:

„Ljóst er, að ekki verður við það unað að fjárhagsvandi Rafmagnsveitnanna verði leystur með sífelldum gjaldskrárhækkunum. Stofnunin hefur því gert tillögur um óendurkræf framlög úr ríkissjóði til að mæta þessum vanda og treystir því, að það verði gert að nokkru á þann hátt, sbr. yfirlýsingu iðnaðarráðherra á Alþingi 15. des. s.l.

Meðan verið er að afla þessari stefnu nægilegs skilnings, verður að líta á hækkun verðjöfnunargjaldsins sem tímabundna ráðstöfun til að brúa þetta bil að hluta.“

Við tökum undir þessi orð forstöðumanns Rafmagnsveitna ríkisins og leggjum, eins og áður var tekið fram, til að frumvarpið verði samþykkt, en áskiljum okkur rétt til að fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 19. des. 1978.

Kjartan Ólafsson,
form., frsm.

Árni Gunnarsson,
með fyrirvara.

Ingvar Gíslason.

Bókun og fyrirvari Árna Gunnarssonar:

„Óljós er nauðsyn þess að hækka prósentu gjalds þessa um 46 af hundraði, þ. e. úr 13 í 19%, þar eð rafveitur sveitarfélaga og Landsvirkjun hafa ýmist farið fram á eða hafa í undirbúningi beiðnir um miklar gjaldskrárhækkanir frá 1. febrúar næst komandi.

Eðlilegra er, áður en ákveðin er hækkun jöfnunargjalds, að samræma taxta Rafmagnsveitna ríkisins til jafns við taxta annarra veitna, þ. e. að fækka töxtum og jafna þá.

Þá er nauðsynlegt að taka „marktaxta“ búrekstrar til endurskoðunar með tiliti til hækkunar oliuverðs, og einnig að hækka refsitaxta, ef farið er fram úr tilteknu afli.

Verði hækkun jöfnunargjalds raforku samþykkt, er sá fyrirvari hafður á, að frestað verði um a. m. k. eitt ár fyrirhuguðu framlagi á lánsfjáráætlun til Bessa- staðavirkjunar. — 800 til 900 milljóna króna framlag til þeirrar virkjunar eykur eðlilegar álögur á rafmagnsnotendur, þótt ekki komi þær fram þegar í stað.

Þingmenn Alþýðuflokksins, eins og raunar annarra flokka, eru óbundnir í afstöðu sinni um málið, enda skoðanir mjög skiptar um ágæti þess.“